

Langesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Garðabær, 28.11.2024
Málsnúmer: 202410-0040/41
IAS

Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna nýs veiðihúss í landi Tungusels.

Vísað er í tvö erindi frá Langesbyggð sem bárust í gegnum Skipulagsgátt þann 18. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir nýtt veiðihús í landi Tungusels.

Stofnuð verður ný 2,1 ha lóð við Hafralónsá í landi Tungusels fyrir veiðihús þar sem verður gisti- og veitingaþjónusta fyrir allt að 25 manns. Notast verður við slóða sem fyrir er og hann notaður sem aðkomuvegur að hinni nýju lóð. Við hönnun á mannvirkjum skal leggja áherslu á að þau falli vel að umhverfis sínu. Efnistaka er áætluð úr tveimur efnistökusvæðum í landi Tungusels, 0,5 og 1,7 ha að stærð og þar er áætlað að vinna um 20.000-25.000 m³. Við frágang á lóð og efnistökusvæðum skal notast við staðargróður eins og hægt er. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.


Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Lóðin er á lítt snortnu óbyggðu svæði í mikilli nálægð við votlendi sem fellur undir ákvæði um sérstaka vernd í 61. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og huga þarf mjög vandlega að því við skipulag og framkvæmdir að votlendið verði fyrir sem minnstu raski.

Efnistaka er m.a. fyrirhuguð nálægt Hafralónsá og þar þarf að tryggja að efnistakan hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði árinna.

Mikilvægt er að allur frágangur verði samkvæmt lýsingu ég sérskilmálum, notast verði við staðargróður og ekki notaðar framandi og mögulega ágengar tegundir.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur